

Lokaverkefni til B.Ed. -prófs

Hver á að hugsa um mig ef ekki þú?

Athugun á tilkynningum um vanrækslu frá grunnskólum

Hanna Lára Baldvinsdóttir



Kennaraháskóli Íslands
Grunnskólabraut
Maí 2008

Lokaverkefni til B.Ed. -prófs

Hver á að hugsa um mig ef ekki þú?

Athugun á tilkynningum um vanrækslu frá grunnskólum

Hanna Lára Baldvinsdóttir
280182-5249

Kennaraháskóli Íslands
Grunnskólabraut
Mai 2008

Leiðbeinandi: Guðrún Kristinsdóttir, prófessor við KHÍ

Efnisyfirlit

Útdráttur	3
Formáli.....	3
Inngangur	4
1. Barnavernd.....	6
Barnaverndarlög og barnasáttmálinn.....	6
Ferill barnaverndarmála	8
Tilkynningaskyldan.....	10
Flokkar vanrækslu og áhrif.....	12
2. Skólinn og úrræði hans	18
Ákvæði Aðalnámskrár.....	18
Umsjónarkennarinn	19
Nemendaverndarráð.....	20
Samvinna heimila og skóla.....	21
Barnaverndarnefndir í samvinnu við aðra	23
Aðferð.....	25
3. Niðurstöður.....	26
Tilkynningar árið 2006	26
Könnun í Hafnarfirði og Kópavogi	26
4. Umræður og lokaorð	32
Heimildaskrá	34
Viðauki 1 – Bréf til Kópavogs og Hafnafjarðar.....	37
Viðauki 2 – Ferill barnaverndarmála.....	39

Myndayfirlit

Mynd nr. 1 - Skipting eftir kyni	27
Mynd nr. 2 - skipting eftir aldri.....	28
Mynd nr. 3 - Skipting eftir börnum og unglíngum	28
Mynd nr. 4 - Fjölskyldugerð	29
Mynd nr. 5 – Flokkun tilkynninga um vanrækslu á öllu landinu	30
Mynd nr. 6 – Flokkun tilkynninga um vanrækslu í Kópavogi og Hafnarfirði	30

Útdráttur

Ritgerðin byggir á könnun á tilkynningum frá grunnskólum um vanrækslu til barnaverndar árið 2006. Það ár voru tilkynningar til barnaverndar í heild 6874 tilfelli, sem varðaði 6207 börn, eða 0,8 % af öllum börnum á landinu. Tilkynningar um vanrækslu voru 1985 og flestar tengdar vanrækslu varðandi umsjón og eftirlit. Lögreglan tilkynnti um helminginn og skólinn um 8,9%. Skoðaðar voru tilkynningar í Kópavogi og Hafnarfirði frá grunnskólanum um vanrækslu árið 2006. Fjöldi tilkynninga voru 98 sem vörðuðu 93 börn. Börnin voru frá 0 – 16 ára og meðalaldur 12 ára. Oftar var tilkynnt um stráka en stelpur og voru flest börnin búsett hjá einstæðri móður. Markmiðið var að sjá einkenni vanrækslu sem starfsmenn skóla taka eftir, sjá mun á kyni, aldri, búsetu og hvað kom út úr könnun málsins.

Formáli

Þessi ritgerð er til fullnaðar B.Ed – gráðu á grunnskólabraut við Kennaraháskóla Íslands. Ég vissi í upphafi að ég vildi tengja þessa lokaritgerð mína við barnavernd og grunnskólann. Ég varð mjög glöð að finna Guðrúnu Kristinsdóttur prófessor í uppeldisgreinum við KHÍ til að verða leiðbeinandann minn, þar sem hún hefur mikla reynslu af því að vinna með barnaverndarmál, rannsóknir og kennslu. Ég vil byrja á að þakka henni Guðrúnu fyrir alla hjálpina og stuðninginn við gerð ritgerðarinnar.

Einnig vil ég þakka Steinunni Bergmann verkefnastjóra hjá Barnaverndarstofu fyrir að veita mér aðgang að sínum spurningarlista til að styðjast við til að útbúa spurningarlista fyrir þessa ritgerð.

Ég vil þakka fyrir góðar móttökur, jákvæðni og alla hjálpina bæði í Kópavogi hjá Hildi Jakobínu Gísladóttur yfirmanni fjölskyldudeildar og í Hafnarfirði hjá Maríu Hjálmarsdóttur yfirfélagsráðgjafa og Ingibjörgu Guðmundsdóttur verkefnastjóra. Síðast vil ég þakka Heiðu Lind Baldvinsdóttur systur minni og Margréti Gunnarsdóttur móður minni fyrir að lesa yfir ritgerðina og koma með góðar ábendingar.

Inngangur

Börn læra án efa af því sem fyrir þeim er haft og öll eiga þau rétt á því að hugsað sé vel um þau. Viðhorf til barna og barnæskunnar hefur breyst mikið síðustu aldir og í dag hafa börn mun meiri réttindi en áður. Samningur um réttindi barnsins var samþykktur á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 20. nóvember 1989 sem alþjóðalög og kveður á um full mannréttindi allra barna. Hann var undirritaður fyrir Íslands hönd þann 26. janúar 1990 og síðan samþykkti Alþingi samninginn þann 13. maí 1992 og tók hann gildi 27. nóvember sama ár. Í samningi um réttindi barnsins er kveðið á um að öll börn eigi rétt á að alast upp í friði og við öryggi (Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 18/1992). Þau börn sem búa við umhyggju og hvatningu eru líklegri til að geta tekist á við nýja hluti í uppveixinum. Þau börn sem búa við misbrest í uppeldinu, fá litla hvatningu, litla umhyggju, strangt uppeldi og refsað hart eru líklegri til að vera sein í máltöku, hugsun og að muna hluti.

Misbrestur í uppeldi barna felur í sér alvarlega truflun í foreldrahlutverki, og jafnframt verulega truflun í tengslum foreldris og barns, sem getur leitt til alvarlegra aðlögunarerfiðleika hjá barni eða afbrigðilegs þroska.....misbrestur á uppeldi barna felur í sér samkvæmt skilgreiningu, vítaverða, ófullnægjandi eða niðurbrjótandi uppeldishætti (Rogosch, Cicchetti, Shields og Toth 1995:127). Í ljósi þessa er æskilegt að reyna að fyrirbyggja og varna því að börn verði fyrir misbresti í uppeldi.

Kennarar, bæði í leik- og grunnskólum vinna mikilvægt starf sem fræðarar og uppalendur. Fræðsla er þó ekki hið eina sem kennarar þurfa að sjá um, einnig þurfa þeir samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla að huga að tilfinningalegri vellíðan og félagslegri hæfni barnanna. Það er sameiginlegt verkefni kennara og forráðamanna að stuðla að góðri menntun og velferð nemenda, samstarfið þarf að byggjast á gagnkvæmri virðingu, gagnkvæmu trausti, samábyrgð og gagnkvæmri upplýsingamiðlun. Aðaláherslu skal leggja á að gott samstarf sé milli heimila og skóla um hvern einstakling, nám hans og velferð (Aðalnámskrá grunnskóla 1999:44-46). Kennarar eru í miklum og nánnum samskiptum við börnin dag hvorn og verða að vera vakandi yfir því hvernig börnunum

líður og hvort ekki sé hugsað vel um þau heima fyrir. Það er skylda allra sem vinna með börnum að láta vita til barnaverndar ef grunur vaknar um einhvers konar misbrest í uppeldinu. Það er skylda barnaverndarnefnda um allt land að taka við tilkynningum frá lögreglu, skólum, læknum, nágrönnum og fleirum ef talið er að barn búi ekki við viðunandi aðstæður. Markmið barnaverndar samkvæmt 2. grein barnaverndarlaga er að sjá til þess að barnið og fjölskylda þess fái nauðsynlega aðstoð, styrkja fjölskyldur í uppeldishlutverki sínu og beita úrræðum til verndar einstökum börnum þegar það á við. Starfsmenn barnaverndarnefndanna kanna hvort grunur að baki tilkynningu eigi við rök að styðjast og gera svo viðeigandi ráðstafanir (Barnaverndarlög nr.80/2002).

Í ritgerðinni verður fjallað um rétt barna, tilkynningaskylduna og hvað skólinn getur gert fyrir nemendur sem búa við ofbeldi eða vanrækslu. Skoðað verður hvernig vanræksla birtist, einkenni, mögulegar orsakir, áhrif. Athugaðar verða tilkynningar frá grunnskólum til barnaverndar í Kópavogi og Hafnafirði árið 2006. Leitast verður við að svara þeim spurningum um hver séu helstu einkenni vanrækslu á börnum sem leiðir grunnskólann til að tilkynna til barnaverndar. Markmið með því að skoða nánar þær tilkynningar sem grunnskólinn tilkynnir til barnaverndar um vanrækslu er að kanna hvað þessi mál eiga sameiginlegt, hver einkenni vanrækslunnar eru, kanna mun á tilkynningum um stelpur og stráka, aldur, fjölskylduaðstæður og fleira. Einnig er markmiðið með ritgerðinni að vekja fólk til umhugsunar um hvernig vanræksla lýsir sér og hvort sé ekki nauðsynlegt að hafa meiri fræðslu fyrir grunnskólakennara og starfsmenn skóla um einkenni, afleiðingar og mikilvægi þess að tilkynnt sé til barnaverndar.

1. Barnavernd

Barnaverndarlög og barnasáttmálinn

Það var árið 1932 sem fyrstu barnaverndarlögin tóku gildi hér á landi. Miklar og örar breytingar voru á Íslandi á þessum árum og árið 1946 voru barnaverndarlögin endurskoðuð og samþykkt árið 1947 sem lög um vernd barna og unglinga (lög um vernd barna og ungmenna nr. 29/1947). Lögin hafa verið endurskoðuð oft, síðast endurskoðuð í heild sinni og samþykkt á ný 2002 og eru enn í gildi í dag. Með þessum lögum var áhersla á aukna réttarvernd barna. Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna var staðfestur á allsherjarþingi árið 1989 og á Íslandi árið 1992, sem kveður á um full mannréttindi allra barna. Sáttmálinn kveður á um að öll börn eigi rétt á að hugsað sé vel um þau og að þau fái að alast upp í friði og öryggi (Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins 1992). Með „barnavernd“ er átt við starf sem opinber félagsþjónusta fer með og beinist að einstökum börnum og fjölskyldum á grundvelli laga. Meginvandi barnaverndarstarfs er oft talinn vera mörkin milli stuðnings og þvingunar, en þessar andstæður eru aðeins ein af mörgum tengdum barnaverndarstarfi. Fyrst og fremst beinist barnavernd að félagslega veikburðu fólki og oft konum. Mikill stéttamunur er á hverjir verða fyrir barnaverndarafskiptum, fyrst og fremst eru fátækir foreldrar háðir opinberri aðstoð (Guðrún Kristinsdóttir 1993:14, 17 og Guðrún Kristinsdóttir 2004:20 sbr. Backe – Hansen 1998).

Í barnaverndarlögunum segir að félagsmálaráðherra beri ábyrgð á stefnumótun í barnavernd og að ráðherra eigi að leggja framkvæmdaáætlun til fjögurra ára í senn fyrir Alþingi að loknum sveitarstjórnarkosningum. Áætlunina skal byggja á þeirri þekkingu sem til er hverju sinni um börn og aðstæður þeirra. Gert er ráð fyrir að hún sé endurskoðuð reglulega á grundvelli úttekta á barnaverndarstarfi og þeim úrræðum sem til eru hverju sinni og með því tryggja að barnaverndarstarfið þjóni sem best þeim börnum sem í hlut eiga. Sveitarstjórar skulu marka sér stefnu og gera framkvæmdaáætlun fyrir hvert kjörtímabil á sviði barnaverndar innan sveitarfélagsins. Framkvæmdaáætlunin skal send félagsmálaráðuneyti og Barnaverndarstofu. Þar sem fleiri sveitarfélög standa saman að

barnaverndarnefnd er heimilt að gera sameiginlega áætlun. Sveitarfélögin bera ábyrgð á framkvæmd barnaverndar (Barnaverndarlög nr 80/2002, 8. og 9.grein).

Barnaverndarnefndir gegna mikilvægu starfi, þær eiga að fylgja eftir settum barnaverndarlögum þar sem kemur meðal annars fram að börn eigi rétt á umönnun og vernd. Í handbók barnaverndarstofu kemur þar fram að foreldrum beri að sýna börnum sínum umhyggju og nærfærni, beri hag og þarfir barna sinna fyrir brjósti og gæti að velfarnaði þeirra. Hlutverk barnaverndarnefnda er að grípa inn í þar sem brotið er á þessum rétti barna. Þegar barnaverndarnefndir fá tilkynningar um að barn búi við óviðunandi aðstæður vegna vanrækslu, vanhæfni eða hegðun foreldra annars vegar eða barn setur sjálf sig í hættu hins vegar er það hlutverk og markmið barnaverndar samkvæmt 2. grein barnaverndarlaga að sjá til þess að barnið og fjölskylda þess fái nauðsynlega aðstoð, styrkja fjölskyldur í uppeldishlutverki sínu og beita úrræðum til verndar einstökum börnum þegar það á við. Löggin eiga við öll börn sem eru á yfirráðasvæði íslenska ríkisins. Skýrt er tekið fram í barnaverndarlögum að barnavernd skuli leitast við að styrkja fjölskyldur í uppeldishlutverki sínu (Barnaverndarlög nr. 80/2002). Barnaverndarnefnd veitir fjölskyldum aðstoð við það sem aflaga hefur farið, fræðslu og leiðbeiningu um hvernig skuli bæta aðstæður sínar og viðhalda því. Nefndirnar eru kosnar af sveitastjórnnum, héraðsnefnd eða stjórn byggðarsamlags. Nefndirnar bera alla ábyrgð á grunnvinnu í barnaverndarmálum og ákvörðunum sem henni tengjast (Barnaverndarstofa 2007b).

Í 20. grein barnaverndarlaga kemur fram að öllum þeim sem stöðu sinnar og starfa vegna hafa afskipti af málefnum barna sé skylt að hafa samstarf við barnaverndaryfirvöld. Barnaverndaryfirvöld eiga einnig að leitast við að eiga gott samstarf við þessa sömu aðila. Eitt höfuðatriði í barnaverndarstarfi, eins og í flestum öðrum störfum þar sem unnið er með fólki, er að sýna öllum þeim sem að málinu koma fulla virðingu. Þetta varðar börnin sjálf, foreldra, samstarfsaðila og alla aðra. Virðingin felur m.a. í sér að hlustað sé á sjónarmið þeirra er málið varðar og leitað sé lausna í samvinnu við aðila málsins með hagsmuni barnsins í huga. Virðingin felur ekki endilega í sér að öll hegðun og sjónarmið aðila séu viðurkennd og samþykkt (Barnaverndarstofa 2007b). Þrátt fyrir að það standi í lögnum að sýna skuli öllum sem að málinu komi virðingu, þar á meðal barninu sjálfu, hlusta á það og taka tillit til óska þess þá virðist oft starf barnaverndar frekar lítið barnmiðað, bæði framkvæmd þess og fræði. Komið hefur fram að oft beinist barnavernd

of mikið að starfsmönnum og foreldrum á kostnað barna, stundum hitta starfsmenn barnaverndar viðkomandi barn ekki né tala við það (Guðrún Kristinsdóttir 1993:20, Anni G Haugen 2007:233).

Þar sem börn eru mjög ung farin að hafa sterkar skoðanir á því hvað þau vilja og vilja ekki er frekar skrytið að ekki sé meira rætt við þau um hvað skuli gert í þeirra málum. Án efa myndi verða mun auðveldara að vinna allt málið ef barnið fengi að vera þátttakandi í eigin lífi og hafa áhrif á framvindu málsins. Börn vilja að hlustað sé á þau og borin virðing fyrir þeim, þegar mál þeirra eru rædd og ákveðið hvað skuli gera án samráðs við þau er ekki verið að bera virðingu fyrir þeim. Börn koma oft með góðar lausnir og því er nauðsynlegt að leyfa þeim að taka þátt og hafa áhrif á hvað verður gert í þeirra málum.

Ferill barnaverndarmála

Í handbók Barnaverndarstofu kemur fram að þegar tilkynning hefur borist til barnaverndar, skoða starfsmenn rökstuðning fyrir tilkynningunni, fá nauðsynlegar upplýsingar frá þeim sem tilkynnir og taka svo ákvörðun um hvort könnun skuli gerð. Ákvörðun um könnun þarf að taka með hagsmuni barns í huga. Þegar ákveðið er að hefja könnun er haft að leiðarljósi hvort um einstakt tilvik eða endurtekna vanrækslu sé að ræða. Ákvörðun um könnun þarf að taka innan sjö daga frá tilkynningu samkvæmt 21. grein barnaverndarlaga (Barnaverndarstofa 2007b). Með könnuninni er aflað nauðsynlegra upplýsinga um aðstæður barns og metin þörf fyrir úrræði. Mál skal vera nægilega upplýst áður en ákvörðun um framhald málsins er tekin (Barnaverndarstofa 2007b). Því næst skal senda bréf til forsjáraðila/foreldra um efni tilkynningarinnar og boða þá í viðtal. Í viðtalinu skal reyna að fá sem skýrasta mynd af tilkynningunni og forsjáraðilum/foreldrum gefinn tími til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri. Einnig á að gera áætlun um áframhaldandi könnun á málinu sem forsjáraðilar/ foreldrar eru beðnir um að samþykkja og skrifa undir. Könnun fer samt sem áður fram þó að þeir skrifi ekki undir og samþykki en þó er samþykki forsjáraðila/foreldra háð því hvort starfsmenn barnaverndar komi inn á heimilið og fái upplýsingar frá viðkomandi barni.

Þegar vinna á að könnun máls, samkvæmt Barnaverndarstofu, er yfirleitt farið til opinberra aðila s.s. skóla, heilsugæslu, ungbarnaeftirlits og fleira, allt eftir því hvað á við

hverju sinni. Á þessa staði á að senda bréf þar sem starfsfólk er spurt um hvernig líðan og aðbúnaður barns birtist þeim. Æskilegt er að fá skriflegar upplýsingar svo ekki sé hægt að misskilja um hvað sé verið að ræða og hægt að vitna til síðar. Mikilvægt er að starfsmaður barnaverndar ræði við barnið sjálft, einnig er hægt að hafa samband við vini og ættingja. Könnun má ekki taka lengri tíma en þrjá mánuði. Þegar nægum upplýsingum hefur verið safnað er haldinn meðferðarfundur, þar eru upplýsingarnar metnar og tekin er ákvörðun um framhald málsins og hvernig skuli bæta aðstæður barnsins, t.d viðtöl, eftirlit, vistun utan heimilis o.s.frv. (Barnaverndarstofa 2007b). (sjá viðauka nr. 2 aftast í ritgerðinni um feril barnaverndarmála).

Hugtakið barnavernd virðist vera nokkuð vítt á Íslandi, jafnvel virðist það vera mismunandi hvernig lögin eru túlkuð milli sveitafélaga og milli barnaverndarstarfsmanna. Þó að SOF – flokkunarkerfið hafi verið gert til að auðvelda og samræma aðgerðir barnaverndarstarfsmanna er enn mismunandi hvernig mál eru unnin (Freydís J. Freysteinsdóttir 2005:193)..

Freydís J. Freysteinsdóttir gerði rannsókn á því hvernig starfsmenn barnaverndar flokkuðu barnaverndarmál. Hún sendi út lista og starfsmenn barnaverndarnefnda voru beðnir að svara hvort málið væri barnaverndarmál eða ekki. Aðeins um helmingur barnaverndarstarfsmanna svaraði og því hæpið að alhæfa um niðurstöður. Í tengslum við vanrækslu varðandi umsjón og eftirlit kom í ljós að flestir voru sammála um þau, 87% töldu það barnaverndarmál ef 6 ára barn var eitt heima hálfann daginn, 70% fannst það barnaverndarmál að 10 ára barn væri eitt heima að passa 2 ára barn um kvöld. (Freydís J. Freysteinsdóttir 2005:197-199). En það þarf samt að samræma meira, svo að eins sé unnið í höfuðdráttum að barnaverndarmálum alls staðar á landinu. Hver starfsmaður barnaverndar á að bera ábyrgð á því að skrifa niður allt sem tengist málinu og fylla út það sem þarf, oft er ekki mikið skrifað við hverja tilkynningu og því ekki hægt að bera saman við aðrar þar sem allt er skrifað. Barnaverndarmál eru þó sjaldnast eins og málin verða því mismunandi og því ekki unnið eins í málunum, en mikilvægt er að skrifa niður svo hægt sé að sjá hvað hefur verið gert og síðar meir hægt að fletta upp og skoða málin.

Tilkynningaskyldan

Markmið með tilkynningaskyldunni er að vernda börn og hugsa um hag þeirra. Margir vita að ef þá grunar að barn sé í einhverri hættu beri þeim að tilkynna það til barnaverndar, en margir halda þó að þeir þurfi sannanir ekki aðeins að gruna að barn búi ekki við viðunnandi aðstæður. Almennigur, lögregla og fagmenn sem vinna með börnum ber skylda að láta vita ef þá grunar að barn sé í hættu. Fræðslu um tilkynningaskylduna hefur verið ábótavant, bæði til almennings og þeirra sem vinna með börnum. Oft kemur það fyrir að þeir sem gruna að velferð barns sé hætta búin lenda í vafa um hvernig rétt og best sé að bregðast við. Spurningar á borð við „Á ég að tala við börnin eða foreldrana?“ „Er ég að túlka einkennin rétt?“ „Hvað verður um barnið?“ Þekking, viðhorf og reynsla þeirra sem koma að barnaverndarmálum skiptir miklu máli.

Mikilvægt er að þekkja helstu einkenni vanrækslu og ofbeldis og vita hvert skal leita ef grunur vaknar. Í fjórða kafla barnaverndarlaganna er tilkynningaskyldunni skipt upp í; tilkynningaskyldu almennings, 16. grein, tilkynningaskyldu lögreglu, 18. grein og 17. greinin er tilkynningaskylda þeirra sem vinna með börnum (Barnaverndarmál 2004:47). Í 17. greininni kemur fram að

"Hverjum þeim sem stöðu sinnar og starfa vegna hefur afskipti af málefnum barna og verður í starfi sínu var við að barn búi við óviðunandi uppeldisskilyrði, verði fyrir áreitni eða ofbeldi eða að barn stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu er skylt að gera barnaverndarnefnd viðvart. Sérstaklega er leikskólastjórum, leikskólakennurum, dagmæðrum, skólastjórum, kennurum, prestum, læknum, tannlæknum, ljósmæðrum, hjúkrunarfræðingum, sálfræðingum, félags-ráðgjöfum, þroskaþjálfum og þeim sem hafa með höndum félagslega þjónustu eða ráðgjöf skylt að fylgjast með hegðun, uppeldi og aðbúnaði barna eftir því sem við verður komið og gera barnaverndarnefnd viðvart ef ætla má að aðstæður barns séu með þeim hætti sem lýst er í 1. mgr. Tilkynningaskylda samkvæmt þessari grein gengur framár ákvæðum laga eða siðareglum um þagnarskyldu viðkomandi starfsstétta" (Barnaverndarlög nr. 80/2002 17. gr).

Við 17. greinina er bent á að það sé matsatriði hvenær tilkynningaskylda þeirra sem afskipti hafa af börnum sé virk og hvenær aðstæður eru þannig að tilkynna eigi um þær. Þetta hefur leitt til þess að sumir halda að það þurfi sannanir áður en tilkynnt er um einstaka mál og hefja sjálfstæða rannsókn áður en það er ekki nauðsynlegt. (Barnaverndarmál 2004:48). Þegar tilkynnt er um misbresti í uppeldi skal hafa í huga að tilkynningin þarf að vera ítarleg, trúverðug og vel rökstudd. Vert er að leggja áherslu á að tilkynna þar um grun og að sá sem tilkynnir þarf ekki og á ekki að hefja sjálfstæða rannsókn. Samkvæmt vinnureglum Reykjavíkurborgar eru foreldrar ávallt látnir vita að tilkynning hafi borist og hvaða ákvörðun hafi verið tekin í framhaldinu. Við foreldra er gerður samningur ef þörf er á frekari athugun. Það sem gerist næst fer eftir því hvað kemur út úr upplýsingaöfluninni, ef þörf er frekari afskipta eru starfsmenn Barnaverndar í samstarfi við foreldra/forráðamenn í að skipuleggja viðeigandi úrræði sem getur falið í sér viðtöl, eftirlit, stuðning og eftirfylgd á málinu. Ef ekki þykir þörf á áframhaldandi afskiptum sendir starfsmaður Barnaverndar formlegt bréf til foreldra/forráðamanna um að málinu sé lokið (Reykjavíkurborg [án árs]).

Það fyrsta sem kemur í veg fyrir að við tilkynnum erum við sjálf, við förum ósjálfrátt að efast um að við séum að túlka aðstæður rétt, eða förum að spyrja okkur sjálf hvað við getum svo sem gert til að bæta ástandið og efumst um að þetta sé okkar vandamál. Þetta er byrjunin, við verðum að spyrja okkur sjálf þessarar spurninga til að fá einhver svör. Þekking og efi eru líka forsenda þess að tilkynna, mikilvægt er að þekkja helstu einkenni. Ótti og efasemdir eru það sem hindra okkur í að tilkynna. Margar ástæður hindra okkur í að tilkynna, t.d. efinn, svo hugsunin um réttinn til friðhelgi einkalífsins, áhyggjur af trúnaði við foreldra eða nágretta, þ.e. að sambandið á milli eyðileggist og að lokum að þeir sem vinna með börnum hika við að tilkynna af því að þeir telja að það sé skortur á úrræðum hjá þeim, finna ekki ráð til að hefjast handa (Guðrún Kristinsdóttir 2004:25-27). Þrátt fyrir efa og ótta verður að hugsa um barnið fyrst og fremst og hvað sé því fyrir bestu. Hér verður lýst hvernig vanæksla birtist og farið verður yfir flokka vanrækslu samkvæmt SOF – kerfinu sem notað er á Íslandi í dag.

Flokkar vanrækslu og áhrif

Vanræksla

Vanræksla á sér stað í öllum heiminum í öllum stéttum þjóðfélagsins en þó er meiri hættu á að börn sem verða fyrir vanrækslu eigi foreldra sem eru þunglynd, kvíðin eða félagslega einangruð. Foreldrar vanrækja börnin sín sjaldan viljandi (Dubowitz og Bennet 2007:1, Shaffer 566). Það er oft erfitt að greina þegar um vanrækslu er að ræða því fólk utan fjölskyldunnar sér ekki þegar hún á sér stað innan veggja heimilsins. Talið er að þau mál sem eru tilkynnt séu aðeins toppurinn af ísjakanum (Dubowitz og Bennet 2007:2). Skortur á góðri aðbúð er vanræksla, þegar barn fær ekki mat, fatnað, daglega umhirðu, eftirlit og vernd (Guðrún Kristinsdóttir 2004:33).

Vanræksla er oft flokkuð í fjóra undirflokka hér á landi, þ.e. líkamlega vanrækslu, vanrækslu varðandi umsjón og eftirlit, vanrækslu varðandi nám og tilfinningalega vanrækslu. Langflestar tilkynningar árið 2006 snertu vanrækslu varðandi umsjón og eftirlit eða 1709 tilkynningar, heildartilkynningar um vanrækslu árið 2006 voru 1985. Þegar flokka á vanrækslu niður í undirflokka þ.e. líkamlega vanrækslu, vanrækslu varðandi umsjón og eftirlit, vanrækslu varðandi nám og tilfinninga/sálræna vanrækslu, er nú hér á landi notað skilgreiningar- og flokkunarkerfi sem kallað er SOF – kerfi, það er til að greina hvern flokk niður í undirflokka. Mikilvægt er að hafa nákvæmt flokkunarkerfi til þess að auka samræmi milli barnaverndarstarfsmanna og nefnda, skýrara og betra að vinna með viðkvæm mál, hægt að benda foreldrum nákvæmlega á þann misbrest sem við á hverju sinni og eykur líkur á að málsmeðferð verði betri (Freydís J. Freysteinsdóttir. 2004:6). Hér verður sagt frá flokkum vanrækslu í stuttu máli samkvæmt SOF – kerfinu sem notað er á Íslandi í dag.

Líkamleg vanræksla

Líkamleg vanræksla er almennt talin vera fyrir hendi þegar grunnþarfir barna eru ekki uppfylltar, s.s. föt, mat og húsaskjól. SOF - kerfið skiptir líkamlegri vanrækslu í sex mismunandi flokka, þessir flokkar eru þegar barn dafnar illa, þ.e. þegar um er að ræða alvarlegt ástand barna undir eins árs aldri, en orsökina er truflun í tengslum foreldra og barns og kemur fram í alvarlegri líkamlegri og tilfinningalegri vanrækslu barns. Þegar barni er ekki gefið fæði við hæfi sem miðað er við þroska þess, þarfir og heilsu, þegar ekki er hugsað um það að barnið sé klætt á fullnægjandi hátt miðað við þarfir þess, aðstæður og velferð. Þegar ekki er gætt að hreinlæti barns sé fullnægjandi heilsu þess og velferð eða að barninu sé ekki séð fyrir viðunandi húsnæði, auk þess þegar barninu er ekki séð fyrir viðeigandi heilbrigðisþjónustu. (Freydís J. Freysteinsdóttir. 2004:7)

Vanræksla varðandi umsjón og eftirlit

Vanræksla varðandi umsjón og eftirlit samkvæmt SOF – kerfinu er þegar barninu er ekki veitt nauðsynlegt eftirlit og umsjón með þeim afleiðingum að öryggi barns og velferð er í hættu. Þetta á við þegar barnið hefur ekki líkamlega, tilfinningalega, sálræna eða andlega burði og getu til að vernda sig sjálft fyrir ytri aðstæðum. Meðal annars er átt við þegar barn er skilið eftir eitt án þess að hafa aldur og þroska til, skilið eftir á skiptiborði án viðveru foreldra eða foreldri skilur barn sitt eftir án þess að ætla að sækja það aftur. (Freydís J. Freysteinsdóttir. 2004:7-8)

Vanræksla varðandi nám

Vanræksla varðandi nám er samkvæmt SOF – kerfinu öll röskun í tilveru barns sem tengist námi þess, t.d léleg skólasókn sem foreldrar láta afskiptalaust. Ef barn er ekki skráð í skóla eða missir mikið úr vegna ólögmætra ástæðna þarf að tilkynna það, einnig ef foreldrar sinna ekki óskum skólayfirvalda um að senda barn í greiningu vegna vandamála í námi (Freydís J. Freysteinsdóttir. 2004:8).

Tilfinningaleg og/eða sálræn vanræksla

Vanræksla á tilfinningalegum þörfum er samkvæmt SOF – kerfinu vangeta foreldra til að sjá barni fyrir stuðningi, öryggi og hvatningu. Það er einnig tilfinningaleg vanræksla ef hugrænn þroski barns er ekki örvaður, félagslegur þroski vanræktur og barninu ekki sett eðlileg mörk og því ekki veittur nauðsynlegur agi (Freydís J. Freysteinsdóttir. 2004:9).

Af hverju eru börn vanrækt

Margar rannsóknir hafa verið gerðar á orsökum barnaverndarvanda og þær eru margþættar. Nokkrar skýringar hafa verið algengastar frá því kringum miðja tuttugustu öldina sem eru enn við lýði í dag. Það má skipta þessum skýringum gróflega í þrjá flokka, þ.e.a.s. sálsýkisskýringar, félags- og menningarlegar skýringar og samskiptaskýringar.

Sálsýkisskýringar fela í sér að foreldrarnir eiga við sálrænan vanda að stríða, tilfinningalífi og vitsmunabroska ábótavant og erfitt er fyrir þá að mynda eðlileg tengsl við börnin sín sem kemur í veg fyrir eðlilegan þroska. Þessir foreldrar eru oft með lágt sjálfsmat, skortir sjálfstjórn og búa við geðlægd, þarfir foreldranna ganga oftast fyrir þörfum barnanna. Talið er að erfiðleikar foreldranna sé að rekja til bernskureynslu þeirra. Erfitt er þó að segja að einstök einkenni á foreldrum leiði til vanrækslu og misnotkun á börnum, málið er mun flóknara en svo. Tengslamyndun barna og foreldra er umdeilt fræðilegt atriði (Guðrún Kristinsdóttir 2004:19 sbr. Backe – Hansen 1998).

Félags- og menningarlegar skýringar beinast að mestu leyti að slæmri félagsaðstöðu fjölskyldna, fátækt, slæmu húsnæði og umhverfi. Þessir foreldrar eiga fáa til að leita til, lítið stuðningsnet er í kringum þá ef eitthvað kemur upp á. Með bættum kjörum ætti að vera hægt að leysa vandann segja sumir eins og hefur sýnt sig í Skandinavíu, þar sem að dró verulega úr afskiptum barnaverndar þegar félagslegt öryggi fjölskyldna var aukið. En samt sem áður hafa þau vandamál sem eru höfð afskipti af aukist frekar en hitt (Guðrún Kristinsdóttir 2004:20 sbr. Backe – Hansen 1998).

Samskiptaskýringar er þriðja tegund skýringa, þeir sem aðhyllast þær telja að tengsl foreldra og barns sé mjög mikilvægur þáttur fyrir að börnin verði ekki vanrækt. Þeir telja að foreldrar sem ekki mynda tengsl við börnin sín skorti virkni og færni í

uppeldishlutverkinu. Þeir sem gagnrýna þessa kenningu segja að of mikil áhersla sé lögð á samskipti innan fjölskyldunnar en horft framhjá félagslegum og menningarlegum þáttum. Þeir sem taka að sér að hjálpa foreldrum að læra að ala börnin upp aftur eigi oft í vandræðum þar sem það er oft mikill menningarmunur, þeir komi oft úr miðstétt með önnur gildi, viðmið og skilning á lífinu en þeir foreldrar sem þurfa hjálpina (Guðrún Kristinsdóttir 2004:20 sbr. Backe – Hansen 1998). Þessar þrjár skýringar sem taldar hafa verið upp eiga það sameiginlegt að börnin eru ekki aðalatriðið, öllum krafti er eytt í að útskýra atriði meðal foreldra og umhverfisins. Það þarf að rannsaka allt, hvað beinist að börnunum, foreldrunum og umhverfinu til þess að marktækar niðurstöður fáiast. Börn eru virkir þátttakendur og hafa áhrif á eigið líf.

Eins og sagði í inngangi þá er vanræksla þekkt allsstaðar, í öllum löndum, þjóðfélagsstéttum, trúarbrögðum og kynþáttum. En hvað er það sem leiðir foreldra til þess að vanrækja börnin sín? Ofbeldi og vanræksla á börnum er þekkt víða og er félagslegt vandamál. Ofbeldi á börnum er oft skilgreint sem þörf til að stjórna börnum með refsingum, kynferðislegum eða andlegum. Foreldrar/forráðamenn sem misnota börnin sín að staðaldri gera sér oft ekki grein fyrir hversu eyðileggjandi það er fyrir barnið. Oft missa þeir stjórn á skapi sínu, eru stressaðir og halda að best sé t.d. að hrista barn þangað til það hættir að gráta og á að fara að sofa. Þau börn sem búa við vanrækslu búa oft einnig við ofbeldi. Erfiðustu aðstæðurnar geta verið endurtekin vanræksla sem taka þarf á í kennslustofunni, t.d. barn sem ekki er sett í það reglulega og lykta illa eignast ekki auðveldlega vini og möguleg stríðni er þá enn líklegri sem skapar þá meiri vanlíðan hjá því (Olsen og Fuller 2003:255).

Erfitt getur verið að sjá vanrækslu á börnunum en ef maður þekkir einkennin er auðveldara að taka eftir henni. Börn eru jafn misjöfn og þau eru mörg og því eru áhrif ofbeldis og vanrækslu mismunandi eftir börnum. Sum börn ná sér strax og skipt er um umhverfi á meðan önnur eru alla ævi að jafna sig. Hér að neðan eru nokkur einkenni sem vanræksla getur orsakað hjá börnum.

Áhrif vanrækslu

Þegar börn eru ung eru þau mjög viðkvæm og vanræksla getur haft áhrif á þau í langan tíma. Þegar ekki er hugsað vel um börn, þau illa hirt, fá ekki nesti í skólann, ekki þveginn eða látin skipta um fót getur haft veruleg áhrif á andlegan og líkamlegan þroska barns. Skortur á athygli og örvun getur leitt til seins málþroska og lélegrar hæfni til að mynda tengsl. Sum börn sýna óróleika og ofvirkni á meðan önnur verða óvirk, óörugg og sýna hræðslu við minnsta áreiti. Þegar þessi börn breyta um umhverfi eru þau oft fljót að jafna sig líkamlega en andlegi skaðinn getur fylgt þeim alla ævi (Guðrún Kristinsdóttir 2004:33). Vanrækt börn eiga oft mjög erfitt félagslega og eru ólíkleg til að eignast nána vini (Shaffer 2002:568). Áhrifin geta þó birst á misjafnan hátt allt eftir einstaklingnum t.d. geta þau komið fram í áfengis- og fíkniefnaneyslu síðar á ævinni, persónuleikatrufnunum og langvinnu þunglyndi eða kvíða. Rannsóknir sýna að þeir foreldrar sem hafa orðið fyrir vanrækslu þegar þeir voru að alast upp eru taldir líklegri en aðrir til þess að vanrækja sín börn. Vanrækt börn virðast oft vera feimin og hlédræg, tala ekki mikið og gera fátt sem getur leitt athygli að þeim. Samt sem áður eru þau mun hlédrægari en önnur börn og ekki eins einmana en önnur börn (Shaffer 2002:606).

Afleiðingar vanrækslu fara einnig eftir því hvers eðlis hún er, kyn, aldur og þroski hafa mikil áhrif (Freydís J. Freysteinsdóttir 2007:3-4). Einkenni sem koma oft fram hjá þeim börnum sem búa við ofbeldi og vanrækslu eru kvíði, leiði/þunglyndi, reiði, minnkað sjálfsálit og oft fylgir áfallastreita (Olsen og Fuller 2003:256-8). Hafa verður samt í huga að engir tveir einstaklingar eru eins, vandamálin birtast ekki eins hjá öllum og því ber að varast að setja fólk í flokka og halda því fram að vandamálin nái ekki út fyrir flokkana. Flokkarnir hjálpa okkur þó við að greina vandann og koma skipan á hugsanir okkar. Hér verður fjallað um helstu áhrif vanrækslu sem birtast hjá börnum samkvæmt Olsen og Fuller.

Það þróast mjög snemma hjá börnum að þarfnast þess að búa við öryggi og ef þau gera það ekki getur myndast mikill kvíði. Það getur sýnt sig í taugaveiklaðri hegðun, s.s. að snúa upp á hárið á sér og naga neglurnar. Þessi hegðun getur tengst tilteknum aðstæðum eða ákveðnum einstaklingum til að takast á við kvíðann. Börnin fá oft martraðir, pissa undir eða fá líkamleg einkenni s.s. magapínu og höfuðverk. Þegar börnin eldast fara þau oft að takast á við kvíðann öðruvísi, verða árásgjörn og fara oft að misnota áfengi og eiturylf (Olsen og Fuller 2003: 256-7). Sum börn verða mjög döpur sem

getur leitt til þunglyndis. Depurð eða þunglyndi getur lýst sér í minni matarlyst, skapsveiflum, svefntími verður óreglulegur o.s.frv. Stundum getur þó depurð lýst sér í aukinni þörf fyrir hreyfingu og athygli, sem minnir á börn með athyglisbrest og börn með athyglisbrest með ofvirkni. Sum börn hafa verið greind með athyglisbrest þegar þau eru í raun þunglynd. Þegar börnin eldast geta þau orðið hvatvís, miklar líkur á áfengis og eiturfjanganotkun, auk mikillar áhættu á sjálfsvígi (Olsen og Fuller 2003:257).

Eitt af áhrifum vanrækslu er reiði en mikilvægt að muna að reiði sem er tjáð af ungum börnum getur stafað af óróleika eða hömlulausri hegðun. Þau geta ef til vill ekki tjáð reiðina öðruvísi né skilið hvernig þeim líður. Þessi börn geta orðið árásgjörð gagnvart öðrum börnum og það er oft erfitt að takast á við þá hegðun inn í bekk. En slík hegðun er hróp á hjálp og við verðum að horfa á það þannig og leitast við að hjálpa barninu (Olsen og Fuller 2003:257). Neikvæðar uppeldisaðstæður s.s. vanræksla og ofbeldi geta haft mjög neikvæð áhrif á sjálfsmynd barna. Sjálfsmynd er skipt í a) jákvæða sjálfsmynd og svo b) raunverulega sjálfsmynd. Þegar börn hafa slæma sjálfsmynd eiga þau mjög erfitt með að stjórna tilfinningum sínum, þau eiga erfitt með að róa sig niður þegar þau lenda í kvíðafullum aðstæðum. Þetta getur líka komið fyrir í aðstæðum þegar börn þurfa að slíta sig frá öðrum og verða sjálfstæð. (Olsen og Fuller 2003:258)

Áhrif vanrækslu eru mjög einstaklingsbundin. Langtímaáhrif verða mismunandi vegna aldurs, kyns og fyrri reynslu barna, flokkana má ekki taka algilda heldur hafa þá sem viðmið. Mjög gott er að þekkja helstu einkenni vanrækslu til þess að geta gripið inn í og komið börnunum til aðstoðar með að útvega þeim viðeigandi hjálp.

Börn búa samt sem áður yfir hæfni sem gerir þeim kleift að sigrast á erfiðleikum þó að allt bendi til að þau ættu ekki að geta það. Það hafa verið gerðar langtímarannsóknir á börnum sem hafa búið við erfið skilyrði og þær sýna að margir þættir eru að verki samtímis sem koma börnunum vel í gegnum þessa erfiðleika. Þessir þættir eru kallaðir *verndandi þættir*. Mikilvægir þættir í fari barna eru sagðir verndandi, t.d. sterk sjálfsmynd, hegðun og skapgerð barns, þættir í fjölskyldu og umhverfi eru einnig mikilvægir s.s. samheldni fjölskyldna, góð tengsl, barn fær aðhald og góðar fyrmyndir. Allir þessir eiginleikar hjálpa barni að takast á við mótlæti og sýna seiglu (Guðrún Kristinsdóttir 2004:21-22 sbr. Rutter 1987).

2. Skólinn og úrræði hans

Ákvæði Aðalnámskrár

Skylda skólans er, eins og kemur fram í grunnskólalögunum, mjög víðtæk og þar segir í 1. kafla 2. grein að í samvinnu við heimilin eigi skólinn að undirbúa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi sem er í stöðugri þróun. Skólinn skal mótast af umburðarlyndi, siðgæði og lýðræðislegu samstarfi. Þar á að kenna nemendum um íslenskt þjóðfélag, efla vísýni og skilning á umhverfi og kjörum fólks. Skólinn skal leitast við að sinna starfi sínu með eðli og þarfir nemenda sinna að leiðarljósi, stuðla að alhliða þroska og menntun hvers einstaklings (Lög um grunnskóla nr. 66/1995). Á 2. þingi Kennarasambands Íslands árið 2002 voru samþykktar siðareglur fyrir kennara. Þær eru settar fram til að efla fagmennsku kennara og styrkja fagvitund þeirra. Siðareglur eru til að hafa sem viðmið í starfi, en þar kemur m.a fram að hlutverk kennara sé að vinna að því að mennta nemendur og stuðla að alhliða þroska þeirra með fræðslu, uppeldi og þjálfun. Kennarar skulu virða réttindi nemenda og hafa hagsmuni þeirra að leiðarljósi, efla sjálfsmynd þeirra og sýna sérhverjum einstaklingi virðingu, áhuga og umhyggju. Jafnrétti allra nemenda skal hafa að leiðarljósi í öllu skólastarfi (Siðareglur kennara 2002).

Í gegnum tíðina hafa skólar gert tilraunir með ýmiskonar úrræði til að koma til móts við þessar fjölbreyttu sérþarfir, má þar nefna sérdeild, athvörf, sérkennslu, stuðningsfulltrúa og margt fleira. Til að tryggja betur að skólarnir vinni að almennu markmiðunum voru sett frekari ákvæði í reglugerð um sérkennslu árið 1996 þar sem segir meðal annars að nemendur skulu eiga kost á því að stunda nám í almennum grunnskóla í sínu skólahverfi. Grunnskólinn skal laga starf sitt að þroska og getu allara nemenda sinna, þannig að hver nemendi fái kennslu við hæfi. Skipuleggja þarf skólastarfið til að það hæfi hverjum og einum nemanda (Lög um grunnskóla nr 66/1995). Einnig hafa skólarnir reynt að bregðast við þessum sérþörfum með samstarfi við fagaðila utan skólans og stofnað hefur verið svokallað nemendaverndarráð. Árið 1996 gaf menntamálaráðuneytið út reglugerð um nemendaverndarráð og sú reglugerð eykur möguleika skólans á að vinna með sérfræðingum utan skólans með það markmið að veita nemendum þá þjónustu sem skólinn getur ekki veitt en hlutverk þess er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi heilsugæslu, námsráðgjöf og sérfræðiþjónustu, vera

skólustjóra til aðstoðar við gerð og framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð við nemendur (Reglugerð um nemendavaerndarráð 1996).

Umsjónarkennarinn

Flestir kennarar hafa miklar væntingar og vonir til nemenda í bekkjum sínum. Þeir vona að þar séu orkumiklir, ákafir og virkir nemendur, nemendur sem koma í skólann vel nærðir og án áhyggja sem geta truflað þau í náminu. En sú er raunin að svo er ekki, því oft búa nemendurnir ekki við ákjósanlegar aðstæður og koma í skólann full af kvíða, ótta og með skaddað sjálfsálit sem eru einkenni þeirra sem hafa búið við ofbeldi og vanrækslu (Olsen og Fuller 2003:251). Þau börn sem búa við ofbeldi og vanrækslu eru oft mikið að hugsa um hvernig þau eigi að forðast ofbeldið og vanræksluna eða um hvað gerist þegar þau koma heim eftir skóla, þessi börn eru ekki með hugann við skólann eða námið í tímum (Olsen og Fuller 2003:252). Rannsóknir sýna að þeir karlar sem misnota konurnar sínar munu í 45% - 70% tilvika einnig misnota börnin sín. Til að geta stutt nemendur og aðstoðað þau er mikilvægt að skilja hvernig þeim líður, skilja af hverju foreldrarnir gætu gert barninu sínu þetta og skilja hvað sé hægt að gera í málunum, t.d. hefur atvinnuleysi og fátækt mikil áhrif á hvort börn séu vanrækt og sýnt ofbeldi (Olsen og Fuller 2003: 253).

Þegar umsjónarkennari hittir foreldra með eða án barnanna er gott að fylgast með hvort foreldrarnir eru að senda óbein boð um að það sé vandamál á heimilinu, t.d. með því að hvetja ekki barnið sitt og veita engan stuðning við nám eða tómstundir barnsins, sýna engan áhuga á skólagöngu eða námi barnsins, gefa til kynna að barnið fari í taugarnar á þeim, bendi á neikvæðar hliðar á barninu og eru mjög kröfuharðir gagnvart barni og skóla, einangra eða ofvernda barnið, láta þarfir sínar ganga fyrir þörfum barnanna og fleira. Algeng merki um erfiðleika má einnig sjá ef að foreldri og barn horfa aldrei á hvort annað, snertast ekki, sitja ekki nálægt hvort öðru eða tala ekki saman. Þarna reynir á athugalann kennara að sjá hvort eitthvað sé að, án þess þó að einblína of mikið á einstaka atriði. Mikilvægt er að kennari vegi og meti viðbrögð barnsins, hegðun og þroska til að ákveða hvort þurfi að grípa inn í aðstæður (Guðrún Kristinsdóttir 2004: 38).

Börn í Bretlandi sem höfðu verið í umsjá barnaverndar og gengið vel í skóla voru spurð um hvað skipti þau máli og svörin voru, stöðugleiki, þ.e. fastur stuðningsaðili í gegnum

bernskuna, velgengni forsjáraðila, jákvæðar hvatningar, stuðningur frá kennara og hafa tengsl við aðra (Guðrún Kristinsdóttir 2004:41 sbr. Martin og Jackson 2002). Þau töluðu um að kennarinn væri mikilvægur stuðningsaðili og að hann þyrfti að hafa „rétt“ viðhorf til að geta verið þeim stuðningur. Kennarar þurfa að hafa almenna færni í uppeldis- og kennslustörfum til að geta brugðist við hættumerkjum á frumstigi og leitað hjálpar ef vafi leikur á. Góður kennari veit að hann er fyrirmynd, hefur samkennd, innsæi og sjálfsþekkingu. Hann hefur góða samskiptahæfileika, jákvæður og tilkynnir til barnaverndar ef grunur leikur á illri meðferð á barni (Guðrún Kristinsdóttir 2004:41).

Mikilvægt er fyrir kennara að átta sig á hvað þeir geta verið mikill stuðningur fyrir börn sem eiga við vanda að stríða heima fyrir, þeir þurfa að þekkja lög, reglur, skyldur og ábyrgð kennara og skóla. Þeir þurfa að vera vel vakandi fyrir einkennum sem nemendur hans geta sýnt og vita um helstu orskir og áhrif sem vandinn getur haft á nemendur. Kennarar þurfa að vita hvenær er nauðsynlegt að leita sé aðstoðar með mál og leggja þau fyrir nemendaverndarráð skólans.

Nemendaverndarráð

Páverandi menntamálaráðherra Svavar Gestsson lagði fram frumvarp um ný grunnskólalög á þinginu 1988-1989, en lögín voru ekki samþykkt fyrr en 1991. Þar var skólum gert skylt að stofna nemendaverndarráð en skyldan varð svo að lögum. Með lögunum 1991 samþykkti alþingi heimild skóla til að stofna nemendaverndarráð til að samræma störf þeirra sem sjá um málefni einstakra nemenda varðandi sérkennsla, násmráðgjöf, ráðgjafar og sálfræðiþjónustu og heilsugæslu (Lög um grunnskóla 49/1991). Lögín voru endurskoðuð aftur árið 1995 en þá var búið að fella út orðið *sérkennsla* frá lögunum 1991 (Lög um grunnskóla 66/1995). Í reglugerð um nemendaverndarráð í grunnskólum nr 388/1996 kemur fram að það er skólastjóri grunnskóla getur stofnað nemendaverndarráð til eins árs í senn. Ef grunur vaknar hjá kennara um að barn búi ekki við viðunandi aðstæður eða beitt sé einhverju ofbeldi þá getur kennarinn leitað til nemendaverndarráðs. Það mætti segja að nemendaverndarráð séu til að sinna skyldum skólanna um almenna barnavernd. Þar eru tekin fyrir ýmis mál og m.a. er oft tekin ákvörðun um hvort vísa skuli máli barns til barnaverndar.

Hlutverk nemendaverndarráðs er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi heilsugæslu, námsráðgjöf og sérfræðipjónustu, vera skólastjóra til aðstoðar við gerð og framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð við nemendur. Þeir sem geta átt sæti í nemendaverndarráði eru skólastjóri eða aðstoðarskólastjóri, umsjónarmaður sérkennslu ef hann starfar við skólann, fulltrúi heilsugæslu, þar sem því verður við komið, fulltrúi sérfræðipjónustu skóla, þar sem því verður við komið og námsráðgjafi skólans, sé hann starfandi. Formaður ráðsins skal vera skólastjóri eða aðstoðarskólastjóri. Mikilvægt er að þar sem eru 10 kennarar eða fleiri eru starfa auk skólastjóra er æskilegt að slíkt ráð sé starfandi. Þurfi nemandi að mati umsjónarkennara, á sérstakri aðstoð að halda vegna fötlunar, sjúkdóms eða námslegra, félagslegra eða tilfinningalegra erfiðleika, skal umsjónarkennari vísa málinu skriflega til skólastjóra sem getur lagt málið fyrir nemendaverndarráð. Ráðið fjallar um sérstök úrræði varðandi einstaka nemendur sem lögð hafa verið fyrir ráðið. Ráðið metur hvaða viðbótarupplýsinga er þörf og boðar á sinn fund umsjónarkennara og forráðamenn svo og aðra aðila sem tengjast máli nemandans ef þörf krefur. Þegar ákvörðun hefur verið tekin um nauðsynlegar ráðstafanir, getur skólastjóri falið ákveðnum aðila/aðilum innan ráðsins að fylgja málinu eftir ef nauðsyn krefur. Nemendaverndarráð kemur saman a.m.k. einu sinni í mánuði. Fundir skulu færðir til bókar. Fara skal með persónulegar upplýsingar samkvæmt reglum um meðferð trúnaðargagna (Reglugerð um nemendaverndarráð 1996).

Samvinna heimila og skóla

Það eru þrír hópar sem mynda skólasamfélagið í hverjum skóla þ.e. nemendur, foreldrar og starfsfólk skólans. Mikilvægt er að þessir hópar vinni vel saman til að stuðla að góðri menntun og velferð barnanna. Það eru foreldrar/forráðamenn sem bera frumábyrgð á uppeldi barna sinna en skólinn aðstoðar foreldra í uppeldishlutverkinu og býður tækifæri á menntun. Samstarfið þarf að byggjast á virðingu milli allra aðila, trausti og samábyrgð. Reynslan sýnir að öflugt og gott samstarf milli heimila og skóla er ein besta forvörnin gegn hvers kyns vá (Aðalnámsskrá Grunnskóla 1999).

Þannig bendir Aðalnámsskrá á að kennarar þurfa að byggja upp góð samskipti milli foreldra. Þeir foreldrar sem við höfum áhyggjur af að muni vanrækja börnin sín eru oft líkamlega, andlega og tilfinningalega einangruð frá þörfum barna sinna vegna þess að

þau hafa stöðugt áhyggjur af einhverju öðru, eða eru einangruð vegna drykkjuvandamála eða geðrænna vandamála.

Erfiðleikar í fjölskyldum koma í ljós með mismunandi hætti í skólanum og einstaka foreldrar gefa erfiðleikana í skyn. Sumir foreldrar segja frá og biðja um aðstoð við að taka á vandanum á meðan aðrir afneita algjörlega að það sé vandi (Guðrún Kristinsdóttir 2004:36).

Samstarf heimila og skóla er sameiginlegt verkefni um menntun og velferð nemenda og þarf að byggjast á gagnkvæmri virðingu, gagnkvæmu trausti, samábyrgð og gagnkvæmri upplýsingamiðlun. Aðaláherslu skal þó leggja á að gott samstarf sé milli heimila og skóla um hvern einstakling, nám hans og velferð. Einnig ber að leggja áherslu á samstarf í einstökum bekkjardeildum eða samkennsluhópum og árgöngum bæði um nám, velferð nemenda, bekkjaranda og meginviðmiðanir í uppeldisstarfi skólans (Aðalnámsskrá grunnskóla 1999). Það hefur einnig verið bent á að mikilvæg forsenda samstarfs sé sameiginlegur skilningur á aðstæðum, að á meðan foreldrar og kennarar sjái barnið nær aldrei við sömu aðstæður geti þeir ekki haft sama skilning á vandanum. Við hefðbundnar aðstæður, þar sem kennarinn sér nemandann nær eingöngu í skólanum þar sem foreldrarnir eru næstum aldrei en foreldrarnir sjá barnið hins vegar mest á heimilinu í allt öðrum aðstæðum, sé tilgangslaust að ræða um samstarf þessara aðila. Hugsanlega getur þetta skýrt þirring foreldra og kennara, sem stundum verður vart, yfir skilningsleysi hvors annars þegar þeir ræða málefni einstakra barna. (Nanna Kristín Christiansen 2007 sbr. Denzin 1984). Ef sannur vilji er til þess að fara að tilmælum laga um grunnskóla og Aðalnámsskrár grunnskóla um samstarf foreldra og kennara virðist nauðsynlegt að byrja á því að byggja upp gagnkvæmt traust og virðingu á jafnræðisgrunni. Stuðla verður að því að skapa aðstæður fyrir sameiginlega reynslu væntanlegra samstarfsaðila (Nanna Kristín Christiansen 2007).

Gert er ráð fyrir að foreldrar taki þátt í mótun skólasamfélagsins og vinni að því með kennurum og öðrum starfsmönnum skóla að koma markmiðum skólastarfs í framkvæmd. Einnig að foreldrar taki í auknum mæli höndum saman til að tryggja börnum sem best uppeldisskilyrði og almenna velferð. Reynslan sýnir að öflugt foreldrastarf og sterk samstaða um grundvallarviðmið er besta forvörnin gegn hvers kyns hættum, t.d. fíkniefnum. Ef foreldrar nemenda í bekk eða skóla ná að stilla saman strengi hvað varðar

meginviðmiðanir í uppeldismálum, aukast líkur á árangri í skólastarfinu. Fjölskylda, skóli og nánasta umhverfi eru sterkustu áhrifavaldar í mótun einstaklingsins. Gagnkvæm og virk upplýsingagjöf milli foreldra og starfsfólks skóla stuðlar að gagnkvæmu trausti milli aðila. Með auknum kynnum foreldra af daglegu starfi í skólanum og skipulegri samvinnu um skólastarfið, t.d. í tengslum við heimanám, aukast líkur á vellíðan nemenda og árangri. (Aðalnámsskrá grunnskóla 1999). Það er mjög mikilvægt að foreldrar fylgist vel með skólagöngu barna sinna, líðan þeirra í skóla, námsárangri og framförum. Kennarar verða að vera tilbúnir að leggja hart að sér til að hafa góð samskipti við foreldra því það skiptir miklu máli fyrir vellíðan barnsins. Skólinn verður einnig að hafa góð samskipti við barnaverndarnefndir sveitafélagsins til þess að halda utan um velferð barnsins.

Barnaverndarnefndir í samvinnu við aðra

Tvær ólíkar stefnur innan barnaverndarkerfisins hafa mótast og orðið sýnilegar, þ.e. annars vegar áherslan á að vernda barnið og hins vegar að styrkja og efla fjölskyldur sem eiga erfitt. Þegar átt er við að einblínt sé á að vernda barnið er átt við að líta á það sem viðkvæman einstakling sem er óvirkur þolandi en þegar er verið að efla barnið og fjölskylduna er litið á bæði foreldra og barn sem virka einstaklinga. Öll umræða um samvinnu í barnaverndarmálum þarf að taka mið af þessum tveimur ólíku stefnum (Anni G. Haugen 2007: 231,233).

Mikilvægt er að barnaverndarnefndir séu í samvinnu við aðra á öllum stigum í málum barna. Barnaverndarmál er ekki hægt að vinna nema með samvinnu. Samvinnu þarf við móttöku tilkynninga, til að fá sem bestar upplýsingar um viðkomandi barn, við könnun máls, við áætlunargerð um mál og beitingu úrræða.

Þessi samvinna getur oft á tíðum verið flókin og erfið í reynd og litast af tortryggni. Helstu ástæður þess eru, vanþekking á tilkynningaskyldunni, barnaverndarkerfinu og uppbyggingu þess. Einnig vanþekking á úrræðum barnaverndarnefnda og starfsaðferðum þeirra, ótti um að grunur sé ekki nægilega sterkur (rökstuddur) eða misfellur ekki nægilega alvarlegar, grunur um að afskipti barnaverndarnefnda verði barninu erfið og það muni ekki hafa gagn af þeim, vantraust á kerfum og fagfólki sem maður er ekki sjálfur

hluti af og fleira. Ofangreind atriði skipta máli þegar barnaverndarstarfið, málsmeðferð og úrræði er kynnt fyrir samstarfsaðilum og ástæða til að fjalla sérstaklega um hvað það er sem getur hindrað þá í að tilkynna. Einnig þarf að ræða og verða sammála um helstu þætti samvinnunnar, í hverju hún eigi að felast og hvert verði ábyrgðarsvið hvers og eins. Þá þarf sérstaklega að ræða um trúnaðarskyldu barnaverndarnefndar og hvers vegna ekki er unnt að gera samstarfsaðilum grein fyrir gangi máls. Í þeirri umræðu þarf barnaverndarstarfsmaðurinn einnig að leggja áherslu á að með samþykki foreldra, og í sumum tilvikum barnsins, er hægt að gera samstarfsaðilum grein fyrir ákveðnum þáttum málsins sem geta skipt miklu þegar meta á hvernig best er hægt að mæta þörfum barnsins og styðja það. Til þess að það geti gerst þurfa barnaverndarstarfsmenn einnig að leggja áherslu á að kynna sér helstu þætti í starfi samstarfsaðila þannig að þeir þekki styrkleika og möguleika þeirra til að veita stuðning (Barnaverndarstofa 2007b). Helstu samstarfsaðilar eru aðrar barnaverndar- og félagsmálanefndir, starfsmenn leik- og grunnskóla, starfsmenn heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa, starfsmenn barna- og unglíngageðdeildar Landspítalans (BUGL), lögregla, ríkislögreglustjóri, ríkissaksóknari og Fangelsismálastofnun, starfsmenn Barnaverndarstofu og Barnahúss og fleiri (Barnaverndarstofa 2007b).

Samvinna í barnaverndarmálum mun samt sem áður ætíð verða háð ákveðnum takmörkunum, sem ráðast af hinu tvöfalda hlutverki, sem greint var frá að ofan. Óskir og tillögur barna og foreldra um afskipti eða afskiptaleysi, um það hvernig stuðningur sé veittur og úrræði sem í boði eru þarf að ráðast í fyrsta lagi eftir hagsmunum barnsins (Anni G. Haugen 2007:235). Eins og hefur komið fram er samstarf mjög mikilvægt, gott samstarf getur skipt sköpum fyrir þau börn sem um ræðir. Frekari fræðslu um tilkynningarskylduna er ábótavant og mikilvægt að allir aðilar sem koma að börnum láti vita um leið og grunur er á að barn búi við óviðunnandi aðstæður.

Aðferð

Skoðaður var vefur Barnaverndarstofu, hagnýtar og tölulegar upplýsingar. Unnið var út frá þeim upplýsingum og gluggað í ýmsar bækur, greinar og ritgerðir. Farið var inn á vef Hagstofu Íslands til að fá upplýsingar um fjölda barna á landinu árið 2006, hve mörg börn voru í skólum í Hafnarfirði og Kópavogi og hve margir bjuggu þar það sama ár.

Spurningalisti var útbúinn að forskrift lista frá Steinunni Bergmann verkefnastjóra hjá Barnaverndarstofu um ofbeldi á börnum, til stuðnings við að greina gögnin. Leyfi var fengið hjá Persónuvernd um rannsóknina og send bréf til yfirmanna Félagsþjónustu Hafnafjarðar og Kópavogs um beiðni um samstarf. Þegar samþykkt var samstarf á báðum stöðum var farið á skrifstofu hvors sveitafélags um sig, skrifað undir þagnareid og fenginn aðgangur að skrá og aðtöðu til að vinna verkefnið. Fengnar voru tilkynningar árið 2006 frá grunnskólum um vanrækslu og flokkað niður eftir spurningalistanum. Þegar skráningu á spurningalista var lokið voru gögnin sett upp í excel, reikniforrit, og útbúna myndrænar töflur til að sýna niðurstöður. Þegar myndirnar voru komnar upp voru niðurstöður túlkaðar og skrifað niður útskýringar og greiningar við hverja mynd. Farið var aftur í Hafnarfjörð og skoðaðar voru nánar tilkynningarnar og könnun hvers máls fyrir sig en því miður vannst ekki tími til að fara aftur í Kópavog að skoða sömu gögn þar og því var ekki hægt að bera saman þær niðurstöður sem fengust í Hafnarfirði við niðurstöður úr Kópavogi.

3. Niðurstöður

Tilkynningar árið 2006


Árið 2006 voru 79.469 börn á öllu landinu, þar af voru 43.875, um 55% börn í grunnskólum landsins í 1. til 10. bekk og það ár voru tilkynningar til Barnaverndarstofu 6874 tilfelli, sem vörðuðu 6207 börn, eða 0,8 % af öllum börnum á landinu. Þessar tilkynningar eru flokkaðar í þrjá megin þætti sem eru svo flokkaðir hver og einn í nokkra undirflokka. Yfirflokkarnir eru ofbeldi, vanræksla, áhættuhegðun barns og heilsa eða líf ófæddis barns í hættu. Flestar tilkynningar eru um áhættuhegðun barns, sem felur í sér að barn sé að neyta vímuefna, stofnar sér og öðrum í hættu, einnig er um að ræða afbrot, lélega mætingu í skóla og fleira. Þeir sem tilkynna eru í langflestum tilvikum lögreglan eða 56,7 % tilvika. Skóli, fræðslu - eða skólaskrifstofa tilkynntu árið 2006, 609 sinnum, þ.e. 8,9% af öllum tilkynningum landsins, það er næst algengustu tilkynningarnar á eftir lögreglu. Þetta er mjög lítill hluti allra tilkynninga þar sem börn eru frá 6 ára aldri á hverjum virkum degi að meðaltali 5 tíma á dag í skólanum. (Hagstofa Íslands 2007, Barnaverndarstofa 2007a). Tilkynningar um vanrækslu árið 2006 voru 1985 og flestar vörðuðu vanrækslu varðandi umsjón og eftirlit eða 1709. Í raun ættu flestar tilkynningarnar að koma frá grunnskólanum miðað við tímann sem börnin eyða þar. Könnun var gerð á tilkynningum frá grunnskólum í Kópavogi og Hafnarfirði eins og komið hefur fram áður, hér verður grein frá þeim niðurstöðum.

Könnun í Hafnarfirði og Kópavogi

Eins og fram hefur komið var leitað til Kópavogs og Hafnarfjarðar um að kanna tilkynningar um vanrækslu frá grunnskólum. Í Kópavogi árið 2006 bjuggu 27.525 manns og af þeim voru 5158 eða um 1,9% börn í grunnskólum Kópavogs. Grunnskólar eru 10 í Kópavogi og einn framhaldsskóli. Í Hafnarfirði bjuggu 23.751 manns árið 2006 og af þeim voru 5055 eða um 2,1% börn á grunnskólaaldri. Grunnskólar Hafnarfjarðar eru 8 og eru 2 framhaldsskólar (Kópavogur [án árs.], Hafnarfjörður [án árs.], Hagstofa Íslands 2007).


Tilkynningar frá grunnskólum Hafnarfjarðar til barnaverndar voru árið 2006, 77 sem vörðuðu 74 einstaklinga en í Kópavogi voru það 21 tilkynningar um 19 einstaklinga. Í heild eru það 98 tilkynningar um 93 einstaklinga.

Hér fyrir neðan er mynd nr. 1 sem sýnir hvernig tilkynningarnar skiptast eftir kyni.




Mynd nr. 1 - Skipting eftir kyni

Hér á mynd nr. 1 sést að tilkynnt var um fleiri stráka en stelpur bæði í Kópavogi og Hafnarfirði árið 2006. Í Kópavogi munar aðeins um eitt barn, eða 10 strákar og 9 stelpur en í Hafnarfirði var tilkynnt um 43 stráka og 31 stelpu. Í heildina voru tilkynningar um stelpur 43% en en stráka 57%. Á mynd nr. 2 hér fyrir neðan má sjá aldursdreifingu barnanna.



Mynd nr. 2 - skipting eftir aldri


Eins og sjá má á mynd nr. 2 eru börnin frá 0 til 18 ára gömul. Flestir sem tilkynnt var um voru á aldrinum 13-15 ára eða 38, sem gerir um 39% af öllum sem tilkynnt var um. Aðeins var tilkynnt um eitt barn sem var fætt árið 2006 og eitt á aldrinum 3-5 ára. Á mynd nr. 3 er svo skipt niður í börn 0-12 ára og unglunga 13-16 ára.



Mynd nr. 3 - Skipting eftir börnum og unglingum

Eins og sést hér á mynd nr. 3 þegar skipt er í börn 0-12 ára og unglinga 13-16 ára þá eru 44 börn og 49 unglingar í heildina. Meðalaldur á barnanna sem tilkynnt er um hjá Hafnarfirði og Kópavogi er 12 ára með staðalfrávik 3,0, sem segir okkur að um 68% barnanna sem tilkynnt er um eru á aldrinum 9 – 15 ára. Í Kópavogi var nærri jafn mikið tilkynnt um börn og unglinga, munaði aðeins einu barni, þ.e.a.s. tilkynnt var um 10 börn en 9 unglinga. Í Hafnarfirði var tilkynnt um fleiri unglinga en börn, 40 af 74 tilkynningum varðaði unglinga.


Á mynd nr. 4 sést fjölskyldugerð barna sem tilkynnt var um árið 2006 í Kópavogi og Hafnarfirði.



Mynd nr. 4 - Fjölskyldugerð


Á mynd nr. 4 má sjá að af þessum 93 tilkynningum í heild búa flest börnin og unglingarnir hjá einstæðum mæðrum. Myndin sýnir dreifingu á fjölskyldugerðum og sést mjög skýrt hversu algengt það er að mæður eru einstæðar og hugsa um börnin, eða í 45 tilvikum á móti 5 þar sem börn búa hjá einstæðum föðum. Athyglisvert er að sjá hve fá börn búa hjá báðum foreldrum sínum, eða aðeins 21 barn eða um 26% barna af þeim 93 sem er heildarfjöldi barna sem tilkynnt var um.

Á mynd nr. 5 sést dreifing tilkynninga um vanrækslu á öllu landinu eftir flokkum SOF – kerfisins.



Mynd nr. 5 – Flokkun tilkynninga um vanrækslu á öllu landinu

Hér á mynd nr. 5 má sjá hvernig skiptingin er á flokkana eftir öllu landinu. Langflestar tilkynningar eru á vanrækslu varðandi umsjón og eftirlit eða 86% tilkynninga. Fæstar tilkynningar eru á vanrækslu varðandi nám eða aðeins um 2,2% allra tilkynninga um vanrækslu. Hér á eftir kemur mynd nr. 6 sem er af dreifingu tilkynninga um vanrækslu frá Hafnarfirði og Kópavogi eftir flokkun SOF – kerfisins.



Mynd nr. 6 – Flokkun tilkynninga um vanrækslu í Kópavogi og Hafnarfirði

Þegar mynd nr. 6 er skoðuð þá varða flestar tilkynningarnar árið 2006 í Kópavogi og Hafnarfirði varða vanrækslu varðandi umsjón og eftirlit. Af þeim 98 tilkynningum sem um ræðir voru 33 sem tilkynnt var um vanrækslu varðandi umsjón og eftirlit, það kemur ekki á óvart þar sem að heildarfjöldi tilkynninga árið 2006 á landinu öllu, snérust flestar um vanrækslu varðandi umsjón og eftirlit eða 1709 tilkynningar, eins og sjá má framar. Næstum því jafn margar tilkynningar eru í Kópavogi um vanrækslu varðandi nám og vanrækslu varðandi umsjón og eftirlit. Á meðan eru einungis þrjár tilkynningar varðandi vanrækslu á námi hjá Hafnarfirði. Hins vegar eru 17 tilkynningar í Hafnarfirði um tilfinningalega vanrækslu en aðeins ein frá Kópavogi.

Eins og kom fram framar í ritgerðinni eru 10 grunnskólar í Kópavogi en 8 í Hafnarfirði. Allir skólar í Hafnarfirði hafa tilkynnt um vanrækslu til barnaverndarnefndar en sá sem tilkynnti oftast gerði það 17 sinnum en sá sem tilkynnti sjaldnast var aðeins með 1 tilkynningu. Í Kópavogi tilkynntu 6 grunnskólar af 10 um vanrækslu til barnaverndar. Í Hafnarfirði er frekar jöfn dreifing yfir fjölda tilkynninga frá skólum og má draga þá ályktun að kennarar í skólum í Hafnarfirði séu meira vakandi yfir nemendum sínum og tilkynna oftast til barnaverndar.

Þegar farið var yfir tilkynningar og vinnslu hvers máls fyrir sig kom í ljós að skólinn tilkynnir þegar slæmar mætingar eru hjá barni og heimavinnu ábótavant, viðkomandi foreldrar taldir ósamvinnufúsir og virðast jafnvel gera börnunum auðvelt að sleppa skólanum með því að tilkynna þau veik. Einnig tilkynnir skólinn þegar þau sjá mikla vanlíðan hjá nemendum, skólinn reynir í flestum tilvikum að bæta ástandið áður en tilkynnt er til barnaverndar, með fundum með barni eða barni og foreldrum og reynt að finna lausn til að öllum líði betur. Mál barna eru tekin fyrir á nemendaverndarráðsfundum og þá ákveðið hvað skuli gert í máli viðkomandi barns. Í Hafnarfirði kom það í ljós að af 77 tilkynningum voru þrjátíu og ein tilkynning vegna lélegra mætinga eða um 40% en þá var oft eitthvað annað að líka, hegðunarvandi, vanlíðan, félagsleg einangrun o.s.frv. Oft kemur einnig í ljós frekari vandi þegar könnun er hafin í málinu, þá kemur fram að foreldrar eru t.d. í neyslu áfengi eða vímuefna, beita barn ofbeldi, líkamlegu, andlegu eða kynferðislegu, stöðug rifrildi eru milli fjölskyldumeðlima o.s.frv. Í einstaka málum eru það foreldrarnir sem hafa áhyggjur af barni sínu, hafa samband við skóla og skólinn síðan við barnaverndarnefnd.

4. Umræður og lokaorð

Mikill munur var á tilkynningum frá grunnskólum í Hafnarfirði og Kópavogi árið 2006. Tilkynningarnar voru 77 frá Hafnarfirði en aðeins 21 frá Kópavogi. Það sem kom verulega á óvart í niðurstöðum var að í Kópavogi og Hafnarfirði búa svipað margir og ekki mikill munur á fjölda barna en tilkynningar frá grunnskólum í Hafnarfirði eru meira en helmingi fleiri en tilkynningar frá grunnskólum í Kópavogi. Í niðurstöðum kemur fram að oftast er tilkynnt um stráka en stelpur og oftast unglinga en börn. Meðalaldur á þeim sem tilkynnt var um var 12 ára. Í niðurstöðum kemur einnig fram að flest börn sem tilkynnt var um búa hjá einstæðri móður og það er alveg í samræmi við það sem kemur fram í ritgerðinni. Þar kemur fram að yfirleitt eru það þeir sem búa við slakari kjör sem verða fyrir afskiptum af barnaverndarnefndum sbr. kaflann um af hverju börn séu vanrækt en þar kemur fram að með bættum kjörum ætti að vera hægt að leysa vandamálin í mörgum tilfellum. Tilkynningar á vanrækslu frá grunnskólum í Kópavogi og Hafnarfirði eru líkar að því leyti að algengustu tilkynningarnar vörðuðu vanrækslu varðandi umsjón og eftirlit en það sem var ólíkt var að í Kópavogi voru næst algengustu tilkynningarnar um vanrækslu varðandi nám, en í Hafnarfirði voru næst flestu tilkynningarnar um tilfinningalega vanrækslu.

Í ritgerðinni hefur komið fram mikilvægi þess að kennarar séu vakandi fyrir því hvernig nemendum þeirra líður, hvort þeir sýni einkenni þess að búa við ofbeldi eða vanrækslu. Umsjónakennari getur skipt miklu máli fyrir líðan nemenda og mikilvægt er að samstarf milli kennara og foreldra sé gott til að stuðla að velferð og almennt líðan barnanna. Það eru alltof fáar tilkynningar sem koma frá skólunum miðað við tímann sem börnin eyða þar. Ástæðan fyrir fáum tilkynningum er ekki sú að það séu fá tilfelli sem þarf að tilkynna, því lögreglan tilkynnir um þessi börn í flestum tilvikum. SOF – kerfið eða skilgreiningar – og flokkunarkerfið sem Freydís hefur útbúið fyrir Barnaverndarstofu til að vinna eftir er gott að mörgu leyti en flokkarnir leysa þó ekki vandann en þeir geta hjálpað til við að koma skipulagi á hugsanir okkar. Flokkarnir verða til vegna þess hvernig samfélagið okkar er, til dæmis verður flokkurinn vanræksla varðandi nám aðeins til því hér á landi er skólaskylda og öll börn eiga að ganga í skóla og sinna námi sínu. Flokkurinn um vanrækslu varðandi umsjón og eftirlit hefur orðið til því börn eyða minni tíma með foreldrum sínum nú en áður. Í dag eru yfirleitt báðir foreldrar útivinnandi og því þarf einhver annar að hafa eftirlit með börnunum á meðan. Eins og sagði áður leysa flokkarnir

sjálfir engan vanda heldur eru til viðmiðunar því oft skarast flokkarnir og vandinn er yfirleitt stærri en sem nemur einum ákveðnum flokki. Oft liggur meira að baki hverrar tilkynningu, t.d. gæti tilkynning um vanrækslu varðandi nám leitt í ljós við könnun að mikið ofbeldi er á heimilinu og svo framvegis. Einnig er skörun milli flokka og fólk sem tekur við tilkynningum merkir ekki eins í flokkana. Því er mikilvægt að gera sér grein fyrir bæði kostum og göllum við að hafa flokkunarkerfi og vinna með kerfið í samræmi við það. Flokkunarkerfið er til að hjálpa okkur og einfalda fyrir okkur að tala um og útskýra hvað var tilkynnt.

Ekki er hægt að alhæfa um niðurstöður þessarar ritgerðar bæði vegna þess að tilkynningarnar ná aðeins yfir eitt ár, 2006, og unnið var með svo fáar tilkynningar eða aðeins 98. Áhugavert væri að taka fyrir lengra tímabil og fleiri sveitarfélög til að fá sem besta mynd af þeim tilkynningum sem koma frá grunnskólum um vanrækslu.

Í þriggja ára námi mínu við Kennaraháskóla Íslands á grunnskólabraut hefur ekkert verið minnst á barnavernd eða tilkynningarskylduna, hægt er að velja valnámskeið sem taka á þessum málum en annars ekki neitt fyrr en í framhaldsnáminu. Það ætti að vera allavega eitt skyldufag sem tæki á þessum málum, kennt um tilkynningaskylduna, einkenni, orsakir og möguleg áhrif ofbeldis og vanrækslu. Að mínu mati myndi það án efa skila sér í auknum tilkynningum frá grunnskólum þegar útskrifaðir kennarar færu að vinna í skólunum.

Hanna Lára Baldvinsdóttir

Heimildaskrá

Aðalnámskrá Grunnskóla. 1999. *Amennur hluti – samstarf heimila og skóla*. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík. Vefslóð: <http://www.ismennt.is/vefir/namskra/g/almennt/almennt.html> [Sótt 12.janúar 2008.]

Anni G. Haugen. 2007. *Samvinna í barnavernd*. Ritstj. Gunnar Þór Jóhannesson Rannsóknir í félagsvísindum VIII, Reykjavík.

Barnaverndarlög nr. 80/2002.

Barnaverndarmál. Skilgreiningar hugtaksins og samanburður við nágrannalönd. 2004. Guðrún Kristinsdóttir ritstjóri. Félagsþjónustan í Reykjavík, Reykjavík.

Barnaverndarstofa. 2007a. *Tölulegar upplýsingar – grunnyfirlit um tilkynningar 2006*. Vefslóð: <http://bvs.is/> [Sótt 27. desember 2007.]

Barnaverndarstofa. 2007b. *Handbók*. Vefslóð: <http://bvs.is/> [Sótt 27. desember 2007.]

Dubowitz, Howard og Susan Bennett. 2007. *Physical abuse and neglect of children*. Baltimore, USA og Ottawa, Canada. [Sótt 20.nóvember 2007.]

Freydís J Freysteinsdóttir. 2007. *Characteristics of families who are repeatedly reported to child protection services in Iceland*. Nordisk sosialarbeid nr.1, 27.árg, Oslo.

Freydís J. Freysteinsdóttir. 2005. *Skilgreiningar barnaverndarstarfsmanna á hugtakinu barnavernd*. Ritstj. Úlfar Hauksson. Rannsóknir í félagsvísindum VI, Reykjavík.

Freydís J. Freysteinsdóttir. 2004. *Skilgreiningar og flokkun á misbresti í umönnun og uppeldisskilyrðum barna: Ofbeldi og vanræksla*. Félagssráðgjafablaðið nr. 1, 9.árg. Reykjavík.

Guðrún Kristinsdóttir. 2004. *Barnavernd – kennsluefni*. Kennaraháskóli Íslands, Reykjavík.

Guðrún Kristinsdóttir. 1993. *Barnavernd og sérfræðiþróun*. Félagssráðgjafablaðið 1. tlb. 4. árg., Reykjavík.

Hagstofa Íslands. 2007. *Skólamál – grunnskólar – fjöldi nemenda 2006 í 1.-10.bekk* Vefslóð: <http://www.hagstofa.is> [Sótt 25.nóvember 2007.]

Hafnarfjörður. [Án árs.] *Grunnskólar Hafnarfjarðar*. Vefslóð: <http://www.hafnarfjordur.is/> [Sótt 12.mars 2008.]

Howing, T. Phyllis, John S. Wodarski, P.David Kurtz and James Martin Gaudin. 1993. *Maltreatment and the School – Age Child*. The Haworth Press, New York.

Kópavogur. [Án árs.] *Grunnskólar Kópavogs – almennar upplýsingar*. Vefslóð: <http://kopavogur.is> [Sótt 22.janúar 2008.]

Lög um vernd barna og ungmenna nr. 29/1947.

Lög um grunnskóla nr. 66/1995.

Nanna Kristín Christiansen. 2007. *Hver á eiginlega að ala börnin upp, foreldrar eða kennarar?* Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands, Reykjavík. Vefslóð: <http://netla.khi.is/greinar/2007/006/index.htm> [Sótt 20.mars 2008.]

Olsen, Glenn og Mary Lou Fuller. 2003. *Working successfully with parents and families*. Pearson Education, Inc, Boston.

Reglugerð um nemendaverndarráð í grunnskólum nr. 388/1996. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.

Reykjavíkurborg – velferðarsvið. [Án árs.] *Hlutverk Barnaverndar Reykjavíkur* Vefslóð: <http://reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-849/> [Sótt 22.nóvember 2007.]

Rogosch, F.A., Cicchetti, D., Shields, A & Toth, S. L. 1995. *Parenting dysfunction in child maltreatment*. In M.H. Bornstein (Ed.), *Handbook of parenting: Vol. 4. applied and practical parenting*, New Jersey.

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 18/1992. Vefslóð: <http://www.althingi.is/lagas/125b/1992018.2c5.html> [Sótt 20.mars 2008.]

Shaffer, David R. 2002. 6.útg. *Developmental Psychology – Childhood & Adolescence*. Wadswort, Belmont.

Siðareglur kennara. 2002. Kennarasamband Íslands, Reykjavík. Vefslóð: <http://www.ki.is/pages/492> [Sótt 22.janúar 2008.]

Viðauki 1 – Bréf til Kópavogs og Hafnafjarðar

Reykjavík, 4.febrúar 2008

Hildur Jakobína Gísladóttir

Ég undirrituð, Hanna Lára Baldvinsdóttir, nemi í Kennaraháskóla Íslands, grunnskólabraut, mun á þessari önn vinna að lokaverkefni mínu. Verkefnið verður unnið í samvinnu við Guðrúnu Kristinsdóttur prófessor við KHÍ auk þess verður Steinunn Bergmann verkefnastjóri á Barnaverndarstofu okkur innan handar.

Verkefnið felur í sér athugun á tilkynningum sem koma frá grunnskólanum til barnaverndar um vanrækslu. Markmiðið er að skoða einkenni sem koma fram hvort munur er á kynjum, aldri, heimilsaðstæðum og fleira. Ég er með tilbúinn spurningalista sem mun hjálpa mér að skrá og greina gögnin.

Farið verður með öll gögn og upplýsingar sem trúnaðarmál og mun ég gæta ítrustu nafnleyndar og fylgja reglum Persónuverndar við framkvæmd verkefnisins, ekki verður hægt að rekja upplýsingar til einstaklinga eða grunnskóla.

Öllum gögnum verður eytt þegar lokaverkefnið mitt verður frágengið, en einungis ég og leiðbeinandi minn munum hafa aðgang að gögnunum.

Ég óska hér með eftir góðfúslegu leyfi og samstarfi til að fá að kanna ofangreind atriði á tilkynningum frá grunnskólum Kópavogs.

Mun ég gera ráð fyrir að afhenda eintak af lokaverkefninu til ráðstöfunar fyrir sveitafélagið

Virðingarfyllst,

Hanna Lára Baldvinsdóttir

Reykjavík, 4.febrúar 2008

Sæmundur Hafsteinsson

Ég undirrituð, Hanna Lára Baldvinsdóttir, nemi í Kennaraháskóla Íslands, grunnskólabraut, mun á þessari önn vinna að lokaverkefni mínu. Verkefnið verður unnið í samvinnu við Guðrúnu Kristinsdóttur prófessor við KHÍ auk þess verður Steinunn Bergmann verkefnastjóri á Barnaverndarstofu okkur innan handar.

Verkefnið felur í sér athugun á tilkynningum sem koma frá grunnskólanum til barnaverndar um vanrækslu. Markmiðið er að skoða einkenni sem koma fram hvort munur er á kynjum, aldri, heimilsaðstæðum og fleira. Ég er með tilbúinn spurningalista sem mun hjálpa mér að skrá og greina gögnin.

Farið verður með öll gögn og upplýsingar sem trúnaðarmál og mun ég gæta ítrustu nafnleyndar og fylgja reglum Persónuverndar við framkvæmd verkefnisins, ekki verður hægt að rekja upplýsingar til einstaklinga eða grunnskóla.

Öllum gögnum verður eytt þegar lokaverkefnið mitt verður frágengið, en einungis ég og leiðbeinandi minn munum hafa aðgang að gögnunum.

Ég óska hér með eftir góðfúslegu leyfi og samstarfi til að fá að kanna ofangreind atriði á tilkynningum frá grunnskólum Hafnafjarðar.

Mun ég gera ráð fyrir að afhenda eintak af lokaverkefninu til ráðstöfunar fyrir sveitafélagið

Virðingarfyllst,

Hanna Lára Baldvinsdóttir

Viðauki 2 – Ferill barnaverndarmála

